

# Litla skrímslið





Þessi bók er í 4. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



## Litla skrímslið

ISBN 978-9979-0-2561-0

2003 © Þorgrímur Þráinsson

2003 © teikningar Anna Cynthia Leplar

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2003

önnur prentun 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja





– Hvað var þetta?  
sagði pabbi undrandi.

– Ég heyrði þrusk, sagði Aron.

– Ég heyrði væl, sagði Kolfinna.  
Kannski var þetta draugur.

– Það eru ekki til draugar,  
sagði Aron.

– Kannski vill einhver  
komast inn, sagði pabbi.



Þau læddust fram í forstofu.  
Kolfinna hélt fast í Aron.

Þau heyrðu væl.  
Þau heyrðu þrusk.  
Þau opnuðu útidyrnar varlega.

Úti var myrkur og bylur.  
Allt í einu spratt eitthvað  
upp úr snjónum.

– Skrímsli, hrópaði Aron.

Hjálp, pabbi, skrímsli!

Pabbi var ekki nógu snöggur  
að loka dyrunum.

Lítið, svart skrímsli stökk inn.

– Hvað var þetta? kallaði pabbi.

Hann sá eitthvað skjótast inn í stofu.

Aron og Kolfinna hlupu til pabba.

Blaut spor lágu undir sófann.







Pabbi sá græn augu  
undir sófanum.  
Aron sá eitthvað skjálfa.  
Kolfinna sá loðið skott.

– Er þetta ekki skrímsli?  
spurði Kolfinna.

– Mér sýnist þetta vera hvolpur,  
sagði pabbi.

Hann sótti handklæði.  
Kolfinna sótti dúkkuföt.



– Komdu litli karlinn, sagði Aron.

Hvolpurinn skreið

undan sófanum.

Hann var ískaldur og skjálfandi.

– Hann er svo sætur,

sagði Kolfinna.

Pabbi vafði handklæðinu  
um hvolpinn.

Hvolpurinn spriklaði  
og spriklaði.



Aron hélt á hvolpinum.  
Kolfinna heimtaði að fá  
að klæða hann í dúkkufötin.  
Mamma hitaði pylsur.

Hvolpurinn sleikti Kolfinnu í framan.

– Hann pissaði á mig, hrópaði Aron.  
Kolfinna skellihló.



Hvolpurinn hljóp fram og til baka  
í stofunni og þaðan  
inn í eldhús.

Hann fann lykt  
af pylsunum.

Hann stökk  
upp á stól  
og þaðan  
upp á borð.



– Ertu svangur, hvutti litli?  
sagði mamma hissa.  
Hvolpurinn gelti tvisvar  
og sperraði eyrun.



Hvolpurinn var fljótur  
með fyrstu pylsuna.

– Vill hann ekki tómatsósu?  
spurði Kolfinna.

Eða sinnep eða steiktan lauk?

– Þetta er hundur, sagði Aron,  
ekki krakki.

– Megum við eiga hann?  
spurði Kolfinna.





– Við leyfum honum kannski  
að sofa hjá okkur í nótt, sagði mamma.  
Hann hlýtur að rata  
heim til sín á morgun.

– Vonandi vill hann ekki fara,  
sagði Kolfinna.  
Núna erum við bestu vinir hans.

Kolfinna átti að fara í bað.  
Hún stakk tánum ofan í vatnið.

– Vatnið er rosalega heitt.  
Ég fæ sveskjutær, sagði hún.  
Má hvolpurinn líka fara í bað?



Hvolpurinn rak trýnið  
út í loftið og þefaði  
af fötum Kolfinnu.

– Kannski vill hann kúka á fötin þín,  
sagði Aron og hló.

Skyndilega hoppaði hvolpurinn  
ofan í baðið.  
Kolfinnu dauðbrá.  
Aron saup hveljur.



– Mamma sjáðu, hrópaði Kolfinna.  
Hvolpurinn kann hundasund.

– Honum þykir gaman í baði,  
sagði Kolfinna.  
Sjáðu mamma! Sjáðu Aron!

Hvolpurinn sleikti nefið á Kolfinnu.  
Honum þótti gaman að busla.

Honum þótti líka gott að hvíla sig  
á maganum á Kolfinnu.

Aron setti sápu í annan lófann  
og strauk yfir hvolpinn.

– Núna kemur svo mikil froða,  
sagði Kolfinna.





– Hvolpurinn vill láta þvo sér  
á bak við eyrun,  
sagði Aron.

– Hvað skyldi hann heita?  
spurði mamma.

– Kannski heitir hann Kolor,  
sagði Kolfinna.

– Kannski heitir hann Ari,  
sagði Aron.

– Kannski heitir hann  
Litla skrímslið,  
sagði pabbi.



– Nú er kominn háttatími,  
sagði mamma.

– Hvar á hvolpurinn að sofa?  
spurði Kolfinna.

– Í þvottahúsinu eða  
á ganginum, sagði mamma.



– Má hann sofa í mínu rúmi?  
spurði Kolfinna.

– Nei, frekar í mínu rúmi,  
sagði Aron.



- Ég sá hann fyrst, sagði Kolfinna.
- Þú hélst að hann væri draugur, sagði Aron.
- Hvolpurinn má ekki sofa uppi í rúmi, sagði mamma.
- Kannski vill hann bara fara út, sagði pabbi.
- Við verðum að læsa dyrunum, sagði Kolfinna.

Kolfinna gat ekki sofnað.  
Hún heyrði Aron leika við hvolpinn.  
Alltaf mátti Aron vaka lengur.  
Hún vildi líka vera átta ára.  
Samt þótti henni gaman  
að vera fimm ára.



Kolfinna flautaði á hvolpinn.  
Hann stökk upp í rúmið  
og sleikti hana í framan.  
– Hann er að kyssa mig góða nótt,  
sagði Kolfinna kát.



Aron fór með hvolpinum í fótbolta.

Hvolpurinn reyndi að bíta í boltann.

Hann urraði og dillaði skottinu.

Hann kunni ekki að sparka

þótt hann væri með fjórar lappir.

Aron skellihló og ýtti við hvolpinum.

Hann reyndi að bíta

Aron í tærnar.



Hvolpurinn ýlfraði þegar Aron fór að sofa.

Pabbi fór með hvolpinn inn í þvottahús.

Mamma hafði sett kassa á gólfíð  
og hlýtt teppi í kassann.

– Á morgun finnum við heimilið þitt,  
sagði pabbi og klóraði hvolpinum  
á bak við eyrun.



Kolfinnu dreymdi fljúgandi dúkkur.

Aron dreymdi risastóran hund  
í fótboltaskóm.

Hundurinn skaut svo fast að Aron  
þeyttist með boltanum inn í markið.

Pabbi bylti sér og hraut hátt.

Mamma svaf eins og engill.

Hvolpurinn vildi rannsaka húsið.





Kolfinna vaknaði snemma.  
Hún trítlaði á tánum til Arons  
og kleip í nafið á honum.

– Hvar er hvolpurinn? spurði hún.

– Pabbi setti hann í þvottahúsið,  
sagði Aron.

Hún hljóp inn í þvottahús  
en hvolpurinn var horfinn.







Kolfinna fór grátandi til Arons.

Þau leituðu um allt húsið.

Einhver hafði brotið vasa.

Einhver hafði sporað út gólfíð.

– Hvolpurinn hefur rústað öllu, sagði Aron.

Pabbi og mamma voru nú komin á fætur.

– Hvolpurinn slapp út um gluggann,


snökti Kolfinna. Kannski er hann dáinn.

Kolfinna hljóp inn í herbergið sitt  
og henti sér grátandi í rúmið.

Þá heyrðist undarlegt væl.  
Hvolpurinn lyfti hausnum  
undan sænginni.

– Mamma, mamma,  
hrópaði Kolfinna glöð.  
Hvolpurinn svaf í mínu rúmi í nótt.


Af hverju ætli hvolpurinn  
hafi farið í rúm Kolfinnu?



Kolfinna knúsaði hvolpinn  
og tróð honum svo í dúkkuföt.  
– Þetta er enginn dúkkuhvolpur, sagði Aron.

Allt í einu sperrti hvolpurinn eyrun og gelti.  
Hann hljóp fram í forstofu  
og krafsaði í útidyrnar.  
Roskinn maður stóð úti.  
Falleg tík var við hlið hans.

Af hverju hljóp hvolpurinn  
fram í forstofu?



- Þarna ertu þá, karlinn minn, sagði maðurinn.  
Hún Trítla mín rakti slóðina til ykkar.
- Ég er nýi nágranninn og þið megið heimsækja hvolpinn þegar þið viljið.  
Hann heitir Kolor og hann á sex systkini.
- Frábært, sagði Kolfinna glaðlega.  
Sjáumst seinna, elsku Kolor.





## Til kennara og foreldra

Smábókaflokkurinn er ætlaður börnum sem eru að ná tökum á lestri en þurfa þjálfun. Sögurnar eru fjölbreyttar og skiptast í þyngdarflokka. Reynt er að höfða til ólíkra áhugasviða með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu.

Á vef Menntamálastofnunar (mms.is) má nálgast margvíslegt efni sem tengist smábókaflokknum:

**Lesum og skoðum orð – Smábækur.** Gagnvirkur vefur þar sem velja má um 11 smábækur og 6 mismunandi leiðir til að fást við texta bókanna.

**Smábókaskápurinn.** Gagnvirkar rafbækur úr smábókaflokknum. Börnin geta ýmist lesið textann eða hlustað og á hverri blaðsíðu eru spurningar og verkefni.

**Orðaleikir.** Málfræðiverkefni úr vefjum sem fylgja nokkrum smábókum.

**Íslenska á yngsta stigi – vef Morg.** Yfirlit yfir efni sem tengist smábókunum, kennsluhugmyndir, málfræðiyfirlit og verkefni til útprentunar.

## Umræður heima og í skólanum

**Skrímli og draugar.** Trúa nokkrir á skrímsli og drauga? Varla, en af hverju erum við þá stundum myrkfælin?

**Gæludýr.** Hverjir eiga gæludýr, hvaða dýr eru það? Hverjir hugsa um dýrin, hafa börnin einhverjum skyldum að gegna? Er alls staðar leyfilegt að hafa gæludýr? Geta allir fengið gæludýr (fjölbýli, kostnaður, ofnæmi)?

Hvernig leið hvolpinum um nóttina? Hvernig er að vera að heiman í fyrsta sinn?

**Lausn sögunnar.** Börnin fá að heimsækja Kol. Er hægt að deila gæludýrum með öðrum?

### Orð sem þarf að skýra

Prusk, bylur, skrímsli, að súpa hveljur, trýni, dilla.

## Búa til bók

**Gæludýrabókin.** Teikningar og ljósmyndir af gæludýrum barnanna, nöfn þeirra og e.t.v. frásagnir af þeim skrásettar t.d. með aðstoð foreldra.

## Myndvinnsla

**Skrímli.** Ef þau væru til, hvernig myndu þau þá líta út? tmsir útfærslumöguleikar, t.d. pappírsklipp.

**Gæludýr.** „Klessulitir“ á litaðan pappír, eða stórar myndir málaðar á brúnan pappír sem síðan eru klipptar út og fylltar (báðar hliðar teiknaðar).

**Kolur litli úti í byllum.** Svarthvít pennateikning eða „klessulitir“ svart, hvítt og grátt.



# Litla skrímslið

Kvöld nokkurt heyrðu  
Aron og Kolfinna væl og þrusk  
við útidyrnar.

Þegar þau opnuðu þær  
skaust inn lítið skrímsli.

Lestu um hvað gerðist.

Smábækur Menntamálastofnunar  
eru einkum ætlaðar börnum sem eru  
að læra að lesa.

Saga eftir Þorgrím Þráinsson.  
Anna Cynthia Leplar teiknaði myndir.

